

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

53. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6. Miðvikudaginn 14. ágúst 2013, kl.17:00

Fundinn sátu: Jón Foss Guðmundsson, Christine Mae Velasco, Valgerður Fjölvisdóttir, Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Jóhanna Margrét Sigurðardóttir, Kristbjörg Víðisdóttir og Ingvar Haraldsson, starfsmaður Ungmennaráðs

Afboðuðu: Elín Lára Baldursdóttir, Ólöf Andrea Antonsdóttir, Yngvi Freyr Óskarsson og Eyþór Agnarsson

Fundargerð ritaði: María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

Dagskrá:

1. Fundarstjóri

Samþykkt að Þórdís Dröfn Andrésdóttir sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 28. ágúst 2013

2. Starfsmaður Ungmennaráðs

Ingvar Haraldsson er nýr starfsmaður Ungmennaráðs Hafnarfjarðar. Ungmennaráð Hafnarfjarðar þakkar Sindra Magnússyni fyrir gott starf með UMH síðastliðin ár.

3. Fundartími

Lagt var fram tillaga um fundartíma fyrir tímabilið 2013-2013. Miðvikudagar kl. 17:00. Starfsmaður kannar hvort „Húsið“ sé laust.

4. Dversreiturinn – almenningsgarður fyrir ungt fólk í Hafnarfirði

Fulltrúar sem tóku þátt í að koma með tillögur gerðu grein fyrir þeim. Stefnum á að senda inn grein í Fjarðarpóstinn.

5. Kynning á Ungmennaráði – nýir fulltrúar

Valgerður Fjölnisdóttir ásamt starfsmanni munu fara í skólana með kynningu á UMH.

6. „Afhverju Ungmennaráð“ Málstofa um starfsemi Ungmennaráða.

Föstudaginn 16. ágúst fer fram málstofna “Afhverju Ungmennaráð?”. Á málstofunni mun Ungmennaráð Seltjarnarness ásamt Ungmennaráði frá Lundi kynna hvernig þau starfa, hvaða verkefni þau hafa verið að vinna að og hvernig þau hafa verið að nýta sér Evrópu Unga Fólksins til að framkvæma hugmyndir sínar. Málstofan er hugsuð fyrir ungmennaráð hér á landi, stjórnáamenn og starfsfólk sem starfar með ungu fólki. Fulltrúar í Ungmennaráði Hafnarfjarðar stefna á að fara saman. Málstofan er haldin í Félagsheimili Seltjarnarness og hefst kl. 14:00.

7. Lýðræðisverkefnið

Umræður um lýðræðisverkefnið en fulltrúar sem munu taka þátt í verkefninu eru Jón Foss Guðmundsson, Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Jóhanna Margrét Sigurðardóttir, Elín Lára Baldursdóttir, Sverrir Þrastarson, Eyþór Agnarsson, Yngvi Freyr Óskarsson og Kristbjörg Víðisdóttir.

Næsti fundur áætlaður 28. ágúst 2013. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:01